

Skipulagssvið Kópavogs.

Karlotta Helgadóttir

Digranesvegi 1

200 Kópavogur

Efni: Greinagerð vegna fyrirspurnar vegna áforma um breytingar á fasteigninni Grænatúni 22, 200 Kópavogi.

Ágæti viðtakandi:

Við undirritaðir eigendur Grænatúns í Kópavogi höfum sent inn til skipulagssvið skissu að áformuðum breytingum á fasteigninni Grænatúni 22. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Að byggja frístandandi bílskúr framan við húsið á austurhlið lóðar. Fjölmörg dæmi eru slíka bílskúra í götunni og eitt nýlegt dæmi á Grænatúni 18 meðal annars. Okkar nýja bílskúr er hinsvegar ekki ætlað að standa út við götu heldur inni í lóðinni svo hann skyggi ekki á útsýni á götunna og dragi úr öryggi. Við höfum samþykki nágranna okkar fyrir þessari breytingu þ.e. eigandans að Grænatúni 24 og hugmyndin er að austari veggur verði á lóðarmörkum og báðir aðilar hafi not af honum þannig. Sjá meðfylgjandi mynd af bílskúr á Grænatúni 20. Gert er ráð fyrir að nýr frístandandi bílskúr verði fyrir einn bíl ásamt geymslu rými.



2. Við viljum einnig auka rými fyrir bíla fyrir framan húsið megin tilgangurinn með því er að hægt verði að snúa bílum við og keyra þá út með framendan inná götunna í stað þess að bakka ávallt út, því af er mikil hætta fyrir gangandi vegfarendur. Við hlið okkar á Grænatúni 20 voru nýlega gerðar breytingar og þar geta allt að 8 bílar lagt framan við húsið og þeir bílar bakka allir út í götunna. Sjá meðfylgjandi myndir af bílastæðum fyrir framan Grænatún 20.



3. Við óskum jafnfram eftir að gerða viðbyggingu við húsið að sunnaverðu og inní garðinn. Megin markmið með þessari breytingu er að fá aðgengi að baklóð hússins frá efri hæð niður í garðinn og vegna breytinga sem gerðar voru á Grænatúni 20 er friðhelgi á svölum okkar rofin og íbúar þar horfa beint niður á okkar svalir. Jafnframt hefur slík viðbygging risið inní lóðina á Grænatúni 20 eins og sést á meðfylgjand mynd.



4. Við ætlum jafnframt að skipta eigninni í tvær eignir og gera sjálfstæða fasteign á neðri hæð hússins þannig að fasteignin verða tvær sjálfstæðar eignir með tvösjálfstæð fasteignanúmer.

Markmið þessara breytinga er tvíþætt það er fyrst og fremst að aðstoða dætur okkar og útvega þeim íveru stað með sína fjölskyldu þar sem afar erfitt er fyrir ungt fólk að koma sér upp þaki yfir höfuð eins og fasteignamarkaðurinn er. Jafnframt að auka aðgengi okkar að baklóðinni með greiðari aðgengi og hafa meiri friðhelgi fyrir okkur sem var raskað með þeim breytingum sem gerðar voru á Grænatúni 20.

Fordæmi fyrir framgreindum breytingum eru fjölmörg í götunni og á næstu lóðum. Við höfum velvilja lóðarhafa í okkar nágreni fyrir þessum breytingum. Við viljum vinna með skipulagsyfirvöldum að þessum breytingum og allar ábendingar um það sem betur má fara eru velþegnar svo við getum komið breytingunum áleiðis.

Ef frekari upplýsinga er þörf eða ef einhverjar spurningar vakna þá vinsamlegast hafið samband við okkur á tölvupósti Sigrúnu er [sigrunb\(hja\)kopvogur.is](mailto:sigrunb(hja)kopvogur.is) sími 8636811 eða Ólafur er með [olafur\(hja\)retta.is](mailto:olafur(hja)retta.is) sími 8548080.

Með bestu kveðju,

Sigrún Bjarnadóttir

Ólafur M. Magnússon